

Fundur Skólanefndar Flúðaskóla haldinn 29. Október 2015.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Helgi Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir, Jóhanna Lilja Arnardóttir, Jón Bjarnason, Halla Gunnarsdóttir. Ásmundur Lárusson og Bjarney Vignisdóttir boðuðu forföll.

Helgi formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Skólastjóri fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016, þ.e. skólinn, mötuneyti og skólasel. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarkosnaður verði rúm 221 milljón. Áætluð þjóstukaup lækka, vörukaup hækka um 300 þús, laun hækka um 5 milljónir milli ára og áætluð húsaleiga hækkar um nálægt 5 milljónum. Áætlaður rekstrarkostnaður hækkar því um rúmar 11 milljónir. Skólanefnd samþykkir fyririggjandi tillögu að fjárhagsáætlun ársins 2016.
2. Gjaldskrá mötuneytis og skólavistunar. Eftirfarandi tillaga að gjaldskrá var lögð fram og rædd.

Gjaldskrá 2016

Grunnskóli:

Matur	335 kr.
Hressing	72 kr.

Leikskólinn Undraland:

Morgunhressing	72 kr.
Matur	335 kr.
Síðdegishressing	110 kr.

Skólavistun:

Stakur tími	305 kr.
Hressing	110 kr.

Heimaland:

Matur	551 kr.
-------	---------

Starfsfólk:

Matur	335 kr.
-------	---------

Skólanefnd leggur til að tillögu að gjaldskrá verði breytt þannig að fæðiskostnaðu í Flúðaskóla hækki sem þessu nemur, en hækki ekki leikskóla og að í framtíðinni verði fæðiskostnaður í leikskóla lægri en í grunnskóla.

3. Beiðni um styrk til Námsgagnabankans.

Beiðnin rædd. Skólanefnd telur ekki þörf fyrir þessa þjónustu á þessu stigi málsin.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 16:30